

Úrgangsráð Vestfjarða

Þriðji fundur

Netheimum 23. maí 2025 kl. 11.00 - 12.00

Fundargerð

Mættir: Lilja Magnúsdóttir Vesturbyggð (LM), Ragnheiður Ingimundardóttir Strandabyggð (RI), Sigríður Júlía Brynleifsdóttir Ísafjarðarbæ, Halldóra Norðdahl Ísafjarðarbæ, Delphine Briose árneshrepp, Runólfur Georg Karlsson Súðavíkurbæ (áheyrnarfulltrúi) og Hjörleifur Finnsson Hringrásarfulltrúi Vestfjarðastofu sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag funda, mætingar og vinnu
2. Kynning Vesturbyggðar á samþykkt um úrgangsmál
3. Forgangsröðun í vinnu Hringrásarfulltrúa (HF kemur með tillögu)
4. Fréttir af sorpbrennslumálum (HF)
5. Fréttahringur

Fundargerð

1. Hjörleifur kynnti málið í samræmi við efni t.p frá 13 maí síðastliðin þar sem reifaðar voru hugmyndir um hvernig mætti tryggja betri mætingu á fundi. Eftirfarandi samþykkt einróma:
a) Hjörleifur sendir út aðra Doodle könnun með því augnamiði að finna betri sameigilegan tíma (tveir fundarmanna gátu að ölu jöfnu ekki mætt síðasta þriðjudag hvers mánaðar b) Að allir starfsmenn sveitarfélaganna séu velkomnir sem áheyrnarfulltrúar og c) Aðalmaður ber ábyrgð á því að einhver frá hans sveitarfélagi mæti á fund, a.m.k. áheyrnarfulltrúi.
2. Lilja Magnúsdóttir kynnti nýlega samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð. Umræða skapaðist um mikilvægi þess að fyrirtæki geri samning við úrgangsverktaka, svo kostnaður við hirðu lendi ekki á íbúum. Einnig um meðhöndlun á textíl, en flutningur á honum er mjög dýr.
3. Hjörleifur fór yfir aðgerðaáætlun svæðisáætlunar um úrgang og kynnti þær aðgerðir sem mögulega ættu að fara í forgang í vinnu hringrásarfulltrúa. Samþykkt að leggja áherslu á aðgerð nr. 13: *Jarðgerð í héraði og 16. Úttekt á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang*. Einnig skyldi skoða mögulegan Kostnað við aðgerð 4. *Kynningarátak um hringrásarhagkerfið*, gera tillögu að sniðmáti fyrir 17. *Sammræming samþykkt*. Ennfremur þyrfti Hjörleifur að fylgjast með tækifærum varðandi 3. *Sameiginalegar umsóknir*, t.d. með umsókn fyrir jarðgerð 2026. Að lokum var rætt um 20. *Samstarf um útboð o.fl.* Sem er stórt mál en nokkuð erfitt í

framkvæmd þar sem Sveitarfélögin eru ekki að bjóða út á sama tíma og þyrftu allmörg ár til að samstillta útboðstímabil. Þó var samþykkt að skoðað yrði að gera sniðmát fyrir útboð.

4. Þessum lið var frestað til næsta fundar vegna tímaskorts
5. Þessum lið var frestað til næsta fundar vegna tímaskorts

Fundi slitið 12.03